



Samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs

Ársskýrsla samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs fyrir árið 2020

Sigurbjörg Sigurpálsdóttir

Þverholti 14, 105 Reykjavík

sigurbjorg@dmg.is

839-9100

www.samskiptaradgjafi.is

Ársskýrsla samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs 2020

6. apríl, 2021

Starf samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs stofnað

Lög um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs nr. 45/2019 tóku gildi 1. ágúst 2019 og heyra undir málavíð Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Samkvæmt lögum er menntamálaráðherra heimilt að fela þriðja aðila með samningi að sinna hlutverki samskiptaráðgjafa. Samningur var gerður við Domus Mentis Geðheilsustöð þann 13. janúar 2020 um að sinna starfsemi samskiptaráðgjafa.

Árið 2020 var fyrsta starfsár samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs. Starfsmenn sviðsins eru Sigurbjörg Sigurpálsdóttir, sálfræðingur, er í 80% starfi við að sinna verkefnum ráðgjafans sem tók til starfa á öðrum ársfjórðungi og Þóra Sigfríður Einarsdóttir, sálfræðingur í 20% starfi við tilfallandi verkefni.

Lög um samskiptaráðgjafa og hlutverk hans

Samkvæmt lögum um samskiptaráðgjafa (nr.45/2019) eru helstu verkefni hans að:

- 1) Koma með virkum hætti á framfæri upplýsingum til þeirra sem taka þátt í starfsemi þeirra félaga og samtaka sem falla undir lög þessi, um atvik og misgerðir í þeim tilgangi að auka þekkingu og stuðla að réttum viðbrögðum við þeim.
- 2) Leiðbeina þeim einstaklingum sem til hans leita vegna atvika eða misgerða sem orðið hafa í skipulögðu starfi félaga og samtaka sem falla undir lög þessi eða í tengslum við það um þau úrræði sem standa til boða, hvernig kvörtun er komið á framfæri við rétt yfirvöld og eftir atvikum um þá þjónustu sem ríki og sveitarfélög bjóða upp á.
- 3) Aðstoða samtök og félög sem falla undir lög þessi við að gera viðbragðsáætlanir vegna atvika og misgerða sem verða í starfi þeirra og stuðla að samræmingu á landsvísu, eftir atvikum í samráði við ÍSÍ, UMFÍ, æskulýðssamtök og önnur samtök.
- 4) Veita ráðgjöf til þeirra sem taka þátt í starfsemi félaga og samtaka sem falla undir þessi lög um fyrirbyggjandi aðgerðir.

5) Fylgjast með rannsóknum og þróun á verksviði samskiptaráðgjafa og koma upplýsingum á framfæri við ÍSÍ, UMFÍ, æskulýðssamtök og önnur samtök sem falla undir lög þessi.

6) Taka saman upplýsingar um starf samskiptaráðgjafa og þær tilkynningar sem honum hafa borist á liðnu almanaksári.

Fram kemur í lögum nr.45/2019 að samskiptaráðgjafi er í störfum sínum óháður fyrirmælum frá öðrum. Þó skal ráðgjafinn starfa samkvæmt fyrirmælum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr.90/2018 og lögum um opinber skjalasöfn nr.77/2014 auk barnaverndarlaga nr.80/2002.

Innri starfsemi samskiptaráðgjafa

Á árinu 2020 voru gerðar verklagsreglur um störf samskiptaráðgjafa sem bíða samþykktar hjá Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Auk þess var hafist handa við gerð starfslýsingar og innri verklagsreglna samskiptaráðgjafa.

Heimasíða samskiptaráðgjafa

Í júlí 2020 var heimasíða samskiptaráðgjafa tekin í notkun þar sem starf og hlutverk ráðgjafans eru kynnt, auk þess sem fræðslu- og forvarnarefni er birt á síðunni. Þar er hægt að komast í samskipti við ráðgjafann og einnig hægt að senda inn tilkynningu í gegnum vefinn. Í desember 2020 var heimasíðan þýdd yfir á ensku og eru allar upplýsingar þar nú á íslensku og ensku.

Fundir

Vikulega fundar málnefnd samskiptaráðgjafa varðandi þau mál sem hafa borist og hvernig er hægt að sinna þeim málum. Auk þess voru vinnufundir haldnir með framkvæmdastjóra Domus Mentis Geðheilsustöðvar, 19. ágúst, 8. október og 12. nóvember 2020. Tilgangur vinnufunda hefur verið að vinna að innri málefnum í starfi samskiptaráðgjafa.

Símatími

Í samningi ráðuneytis við Domus Mentis Geðheilsustöð var gerð krafa um símatíma samskiptaráðgjafa. Símatími samskiptaráðgjafa var opnaður í júní 2020 og er opinn alla þriðjudaga kl.10-11. Engin erindi hafa borist í gegnum símatíma.

Kynningarmál

Sökum Covid samkomutakmarkana á árinu hafði ekki náðst að fylgja eftir áætlun er varðar kynningu á starfsemi samskiptaráðgjafa. Gert var ráð fyrir því að samskiptaráðgjafi færi um land allt til þessa. Þá var fyrirhugað að halda opunar- eða kynningarhóf og bjóða þangað aðilum íþróttar- og æskulýðshreyfinga auk fréttamiðlum.

Náði samskiptaráðgjafi þó að sinna fræðslu og upplýsingagjöf varðandi starfið hjá stofnunum og félögum sem óskuðu eftir því. Þar má nefna kynningar fyrir aðildarfélög ÍSÍ, Þroskahjálp, Fagråd eineltismála hjá grunn- og framhaldsskólum, auk nokkurra félaga og sérsambanda. Auk þess hefur samskiptaráðgjafi fundað með þeim aðildarfélögum sem heyrja undir starfsviðráðgjafans.

Samstarf við aðildarfélög

Starf samskiptaráðgjafa var viðbót við forvarnar- og fræðslustarf sem þegar var hafið á mismunandi stöðum innan íþróttar- og æskulýðshreyfinga. Hefur samtal og samstarf hafist milli samskiptaráðgjafa og annarra hreyfinga málaflokksins. Er það samstarf mikilvægt til þess að einfalda boðleiðir fyrir þá sem þurfa að nýta sér þjónustu samskiptaráðgjafa auk þess að sameina krafta þeirra sem hafa öryggi og velferð þátttakenda og starfsmanna í íþróttar- og æskulýðsstarfi að leiðarljósi.

Ferðir samskiptaráðgjafa

Samskiptaráðgjafi hefur sinnt flestum sínum verkefnum á höfuðborgarsvæðinu en hefur ferðast til að sinna málum. Hafa verið farnar tvær ferðir með flugi á norðurland. Ein kynningarferð á vesturland og tvær ferðir vegna fundarhalda á Reykjanesi. Annars hefur tæknin verið nýtt og mikið fundað í gegnum fjarfundabúnað.

Mál sem búrast samskiptaráðgjafa á árinu 2020

Öllum tilkynningum til samskiptaráðgjafa er tekið alvarlega og eru allar skráðar í málaskrá. Eftir frekari upplýsingaöflun er tekin ákvörðun á málafrundi um hvort mál tilheyri samskiptaráðgjafa eða hvort réttast sé að vísa málinu annað. Mál sem hafa borist samskiptaráðgjafa hafa verið afar fjölbreytt.

Tegundir mála

Tilkynningar til samskiptaráðgjafa á árinu 2020 hafa verið flokkaðar í eftirfarandi flokka; eineltismál, líkamlegt ofbeldi og kynferðisleg áreitni eða ofbeldi. Einnig hafa mál sem varða aðra óæskilega hegðun eða framkomu verið sett í sér flokk auk þess einhver mál flokkast undir annað. Margir leituðu til samskiptaráðgjafa eftir ráðleggingum og leiðbeiningum og eru þau mál flokkuð sér. Misjafnt er hvort að slík mál viðkomi sérstökum einstaklingum eða voru almennari.

Hér má sjá tölfræði yfir þær tilkynningar sem bárust á árinu 2020.

	Einelti	Kynferðisleg áreitni eða ofbeldi	Líkamlegt ofbeldi	Óæskileg hegðun	Leiðbeiningar	Annað	Alls
Fjöldi tilkynninga	6	8	1	2	6	1	24
Hlutfall af heild	25%	33,3%	4,2%	8,3%	25%	4,2%	100%

Þess má geta að í þremur málum sem bárust 2020 voru tilkynnendur fleiri en einn (tilkynnandi er sá sem ber upp athugasemd eða sá sem málið varðar).

Skipting kyns og aldurs

Kynjahlutfall þeirra sem tilkynntu mál til samskiptaráðgjafa skiptist þannig að það voru níu karlmenn/drengir (37,5%) og níu konur/stúlkur (37,5%) sem málið varðaði. Í þremur málum varðaði málið konur og karla (12,5%). Þrjú mál (12,5%) snúa almennt ekki að ákveðnum einstaklingum og voru því ekki flokkuð eftir kyni.

Þá voru 11 mál (45,8%) sem vörðuðu fullorðna einstaklinga og níu mál sem vörðuðu börn (37,5%). Tvö mál vörðuðu bæði fullorðna og börn (8,3%). Tvö mál (8,3%) voru ekki flokkuð eftir aldri, þar sem það átti ekki við.

Skipting eftir landsvæðum:

	Höfuðborgarsvæði	Reykjanes	Norðurland	Alls
Fjöldi tilkynninga	18	3	3	24
Hlutfall af heild	75%	12,5%	12,5%	100%

Staða mála

Þeim málum sem samskiptaráðgjafi hafði lokið við eða var lokað á árinu 2020 voru 12 eða 50% allra mála sem bárust. Tvö mál (8,3%) voru í eftirfylgd í lok árs 2020, það eru mál sem teljast leyst eða unnið úr og málsaðilum gefin tími til að hrinda tilmælum/úrbótum í framkvæmd. Í lok árs voru 10 mál í vinnslu (14,6%).

Þess má geta að helmingur allra mála sem bárust á árinu 2020 bárust á síðustu 4 mánuðum ársins.

Álit eða umsagnir

Í vissum málum gefur samskiptaráðgjafi út álit eða umsögn. Það er í málum þar sem formleg kvörtun berst og krefst frekari upplýsingaöflunar. Viðtöl eru tekin við bæði þann sem kvartar og þann eða þá sem kvartað er undan, auk annarra viðeigandi upplýsinga sem er aflað. Þá gefur samskiptaráðgjafi út álit sitt og leggur fram tillögur til úrbóta. Á árinu 2020 var eitt álit gefið út og tvö önnur voru í vinnslu.

Önnur tölfræði

Öll mál sem bárust samskiptaráðgjafa á árinu 2020 voru innan íþróttahreyfingarinnar.